

VIÐ ERUM

Við erum hreyfing ungs fólks sem sameinast um sömu hugsjón og markmið. KSH samanstendur af aðildarfélagunum KSS og KSF ásamt stjórn og starfsmanni.

HUGSJÓN OKKAR

Við viljum sjá nemendur sameinast í félög lærisveina, umbreytast fyrir kraft fagnaðararindisins og hafa áhrif í skólunum, kirkjunni og samfélaginu Jesú Kristi til dýrðar.

MARKMIÐ OKKAR

Að sameina kristna stúdenta og skólanemendur til þess að styrkja og glæða trúarlíf þeirra.
Að vinna aðra fyrir Jesú Krist.

WWW.KSH.IS

WWW.KSF.IS

WWW.KSS.IS

S. 588 89 01

ÁRSPING OG AÐALFUNDIR

Þann 25. apríl 2020 að Holtavegi 28,
104 Reykjavík:

Aðalfundur Kristilegs stúdentafélags
kl. 17:30

Árspaning Kristilegu skólahreyfingarinnar
kl. 18:30

Aðalfundur Kristilegra skólasamtaka
kl. 20:30

Hefðbundin aðalfundarstörf á dagskrá.



„Óttastu ekki og láttu ekki hugfallast“

Kæru vinir og styrktaraðilar
Skólahreyfingarinnar,

„Hef ég ekki boðið þér að vera djarfur og hughraustur? Óttastu ekki og láttu ekki hugfallast því að Drottinn, Guð þinn, er með þér hvert sem þú ferð.“ (Jós. 1:9).

Það er alltaf gaman að fylgjast með Guði að störfum, einkum hjá ungu kynslóðinni okkar. Dæmi um spennandi viðburði sem hafa verið í starfinu nýlega er mót Skólahreyfingarinnar, sem bar yfirskriftina „Líf með Jesú“, og var haldið í Lindakirkju 8. febrúar fyrir elstu KSS-ingana (18+) og KSF-inga. Smáhópurinn í MH, sem nokkrir KSSingar eru hluti af, stóð síðan fyrir Jesú Q&A á lagningardögum MH og sátu nokkrir nemendur þar fyrir svörum ásamt sr. Ólafi Jóni, skólaprestinum okkar. Við fengum síðan góðar fréttir um hærri styrk frá Kristnisjóði fyrir árið 2020 og er það sannkallað bænasvar.

En af hverju erum við að þessu starfi? Jú, svo að ungt fólk fái tækifæri til að kynna Jesú Kristi og rækta sitt persónulega samfélag við hann. Á síðasta starfsári, skilgreindum við hugsjón KSH sem sjá má hér til vinstri. Þetta er það sem við erum að vinna að og við göngum djörf til starfa með þessa hugsjón í fararbroddi og í þeirri fullvissu að Guð sé með okkur.

Fyrir þetta starfsár setti stjórn Skólahreyfingarinnar sér ýmis markmið til að efla og styðja betur við starf aðildarfélaganna, KSS og KSF. Við viljum sjá starfið blómstra, styrkjast og vera þátttakendum blessun sem og samfélaginu í heild. Við höfum verið að skoða leiðir til að ná fleiri unglingum inn í KSS starfið og viljum líka styrkja flæðið úr KSS yfir í KSF, og var ofangreint mót liður í að styrkja þetta flæði. Ein af áskorunum kirkjunnar víðs vegar í heiminum er einmitt að halda í þá aldurshópa sem taka þátt í þessu starfi og það er því mjög mikilvægt að styðja vel við þessi félög sem höfða sérstaklega til þeirra.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir trúfasta fyrirbæn og framlög til starfsins. Þið, velunnarar starfsins, eruð nauðsynlegur hluti af Skólahreyfingunni svo að hún þrífist enn betur. Þetta er mikið starf og krefjandi á tímum, en við trúum því að Guð sé með okkur í því. Við tilheyrum jú Guði sem er að störfum enn þann dag í dag. Guði sem að býður okkur að vera djörf og hughraust. Guði sem lofar að vera með okkur hvert sem við förum. Takk fyrir stuðning þinn og megi Guð blessa þig!

Benjamín R.
Sveinbjörnsson
Formaður KSH





„Í KSF hef ég kynnst frábærum félagsskap af fólki sem einkennist af kærleika og virðingu. Einnig hefur KSF hjálpað mér að sjá hvað það er mikilvægt að verja tíma og þroskast með öðrum í trúnni.“

Jakob Viðar Sævarsson, 19 ára.

HEIMSPING IFES Í SUÐUR-AFRÍKU

KSH er aðildarfélag að alþjóðlegu hreyfingunni International Fellowship of Evangelical Students (IFES). Á fjögurra ára fresti er heimsping hreyfingarinnar sem samanstendur af fundarhöldum, samkomum og ýmsum öðrum viðburðum fyrir nemendur, starfsfólk og stjórnarfolk. Í sumar var heimsping IFES haldið í Suður-Afríku undir yfirskriftinni **Boðberar vonar** (e. Messengers of Hope). Í ár fóru þrír einstaklingar á heimspingið frá Íslandi, en það voru Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, formaður KSH, Matthías Guðmundsson, formaður KSF, og Björn-Inge Aurdal, sem hefur starfað sem sjálfboðaliði fyrir KSH reglulega síðastliðin ár, en starfar hjá Norsku skólahreyfingunni (NKSS).



Það var margt uppörvandi sem íslensku ferðalangarnir fengu að upplifa og ekki síst að styrkja tengslin við norrænu systurhreyfingarnar. Nemendurnir frá þessum þjóðum áttu einmitt frumkvæði af því að tala um hversu gaman væri að vera með sameiginleg norræn mót á ný, en eftir að NOSA lagðist niður þá hættu þau mót. Vonandi tekst þó að endurvekja þessi mót á ný og virtist vera mikill áhugi fyrir því að koma til Íslands á slíkt mót. Tengill fékk Matthías og Benjamín til að svara spurningunni “hvað var eftirminnilegast frá heimspinginu?” og fylgja svörin hér:

Matthías: „Eftirminnilegast var án efa ræða við fólk hvaðanæva afhnettingum. Á heimspinginu voru umræðuhópar hvern morgun sem ræddu saman um biblíulestur dagsins. Að ræða trúna, Biblíuna og trúboð við fólk frá Rúmeníu, Brasilíu, Bangladesh, Líberíu, Kambódíu, Eþíópíu og jafnaldra minn, unga palestínska konu sem ólst upp í Nasaret var mögnuð upplifun, samtal sem maður kemst ekki í á hverjum degi. Það var einnig gaman og lærdómsríkt að ræða við fólk um önnur

kristin stúdentafélög og vandamálín sem hver menningarheimur stendur frammi fyrir. Á heildina litið var þetta frábært þing þar sem ég lærði margt og kynntist mörgum. Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa fengið að fara og vona að eftir fjögur ár verði íslensk sendinefnd í Indónesíu á næsta þingi.“



Benjamín: „Það er ómögulegt að velja eitthvað eitt sem að stóð upp en ég vil nefna fimm atriði: Að lofa Guð ásamt trússysteminum frá yfir 150 öðrum löndum. Að heyra sögurnar um hvernig Guð er að starfa í heiminum. Ræða við fólk sem hefur farið í fangelsi vegna trúarinnar. Sjá leiknar Biblíusögur og tengda atburði frá nýjum sjónarhornum. Að smakka orm... fyrsti bitinn var betri en restin.“

FRÉTTIR AF SÍÐASTA ÁRSÞINGI

Þann 6. apríl síðast liðinn var ársþing KSH haldið í húsi KFUM og KFUK. Úr stjórn gekk Henning Emil Magnússon og þakkar KSH honum fyrir vel unnin störf. Inn voru kjörnar þær Abigail Snook, Raket Brynjólfsdóttir og Þóra Jenny Benónýsdóttir (ritari). Endurkjör hlutu Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson formaður og varamenn Gísli Jónsson og Bogi Benediktsson. Jón Kristinn Lárusson gjaldkeri átti sæti í stjórninni en þurfti frá að hverfa eftir sumarið. Honum eru þökkuð störf sín fyrir KSH. Formaður KSS, Davíð Guðmundsson og formaður KSF, Matthías Guðmundsson eru jafnframt fulltrúar KSS og KSF í stjórn KSH. Nýr (eldri) fulltrúi KSH og KFUM og

KFUK í stjórn KSS er Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir. Biðjum fyrir þessu fólki og störfum þeirra.

Lagabreytingar

Stjórn KSH lagði fram nýu laga- breytingartillögur á þinginu og voru þær samþykktar. Þær sneru aðallega að orðalagi og aðlögun að rótgrónum starfsháttum. Ein tillagan var þó ákveðið nýmæli og birtist í því að fulltrúi KSH og KFUM og KFUK í stjórn KSS er nú áheyrnarfulltrúi í stjórn KSH en ekki aðalmaður. Markmið breytingarinnar var að afmarkra eldri fulltrúa hlutverkið við þjónustu við KSS þar sem talið var að áhugi á að styðja KSS og að sinna stjórnarstörfum fyrir

KSH fari ekki alltaf saman. Þetta getur auðveldað leit að nýjum eldri fulltrúa í framtíðinni.

Endurhannað merki

Á ársþinginu var endurhannað merki KSH kynnt til sögunnar. Stjórn fékk Hugrónu Lenu Hansdóttur, grafískan hönnuð og KSF-ing, til þess að stilla skammstöfun og nafni hreyfingarinnar upp á nýtt við mynd Þrastar Magnússonar sem gerð var fyrir Norræna stúdentamótið í Reykjavík 1975. Breytingin kemur vel út þótt lítil sé.





„KSS hefur gjörsamlega breytt mér í þann einstakling sem ég er í dag! Ég hef kynnst mörgum yndislegum krökkum og bæði eftl og styrkt mína trú!“

Kristín Reynisdóttir, 16 ára.



f /studentafelagid

Starf KSF hefur gengið vel í vetur. Hefðbundnir félagsfundir hafa verið annað hvert fimmtudagskvöld. Starfið fer að mestu fram í húsnæði SÍK.



Stjórn KSF f.h: Blær, Matthías, Gunnhildur og Hreinn

„Helstu áskoranir KSF er að auka þátttöku í starfinu og á sama tíma bjóða upp á metnaðarfullt starf fyrir þau sem nú þegar eru að mæta“ segir Gunnhildur Einarsdóttir varaformaður KSF og nemi í tólmstunda- og félagsmálafræði við HÍ.

FRÉTTIR AF KSF

Í september fékk KSF góðan gest á fund, Dr. Persaud frá Kanada, prófessor í líftækni, sem kom og talaði um tengsl vísinda og trúar. Í nóvember var svo haldin bíósýning í Lindakirkju. Kvikmyndin Hackshaw Ridge var sýnd og eftir hana voru umræður meðal félagsfólks. Síðasti hefðbundni fundur ársins var 5. desember, en þá kom sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttur úr Árbæjarkirkju. Á Þorláksmessu var svo að sjálfsögðu hin ómissandi Þorláksmessustund KSH í Friðrikskapellu.

Starfið byrjaði aftur eftir áramót 23. janúar. Þann 8. febrúar tók KSF þátt í eins dags móti, ásamt KSS, á vegum KSH sem var kallað Líf með Jesú 2020 og var ánægja með daginn. Þann 21. mars stóð til að halda sameiginlega árhátíð með KSS

@ksf_island



Sr. Ólafur Jón skólaprestur flytur ræðu á KSF-fundi

en vegna Covid-19 faraldurs hafa viðburðir félaganna verið felldir niður á meðan samkomubann er í gildi. Upplýsingar um starfið framundan má finna á Facebook-síðu KSF.

Gunnhildur segir að von stjórnar KSF „sé að öll sem koma í KSF finnist þau velkomin – að fleiri taki þátt í starfinu og geti átt samfélag við aðra kristna stúdenta“.

f /skolasamtok

Starfið í KSS hefur verið í góðum farvegi síðustu misseri og vikulegir KSS-fundir á laugardagskvöldum vel sóttir. Tveir kynningarfundir voru haldnir í haust 7. og 14. september. Haustskólamót var haldið dagana 4.-6. október 2019 í Vatnaskógi undir



Síðhærðir KSS-ingar á Haustskólamóti 2019

yfirskriftinni „Persónulegt samband við Guð“. Þátttakendur voru um sextíu og fengu fræðslu út frá Guðs

FRÉTTIR AF KSS

orði um hvernig talað er við Guð í gegnum bænina og eftir hvaða leiðum Guð talar til okkar. Þess á milli var tíminn notaður í ýmsa leiki og annað skemmtilegt. Á laugardagskvöldinu var vitnisburðarstund venju samkvæmt en þær eru mörgum KSS-ingum eftirminnilegar. Í desember var auk reglulegra funda sameiginlegur skautafundur með KSF, jólatónleikar KSS 19. desember og Þorláksmessustund. Starf KSS hófst á nýju ári með fundi þann 11. janúar. Upplýsingar um starfið framundan má finna á Facebooksíðu KSS.

Talsverð mannskipti hafa verið í stjórn KSS á þessu tímabili. Kjörin í stjórn voru Margrét Helga Kristjánsdóttir formaður, Davíð Guðmundsson varaformaður, Krístrún Lilja Gísladóttir ritari, Jens Elí Gunnarsson gjaldkeri og

@stjorknss

Alex Leó Kristinsson kynningarfulltrúi. Jens dró sig út úr stjórninni í júní af persónulegum ástæðum og í hans stað kom Ísak Jón Einarsson sem hafði verið í framboði til stjórnar og var næstur inn. Í febrúar sagði síðan Margrét Helga Kristjánsdóttir sig úr stjórn KSS á þeim forsendum að hún sá sér ekki fært að samþykkja samkomulagið milli KSS, KSF og KSH og KFUM og KFUK. Jens og Margréti eru þökkud sín störf í þágu KSS.



Félagsvist vakti mikla lukku eftir KSS-fund

FÁÐU TENGIL Í TÖLVUPÓSTI!

Má bjóða þér að spara pappírinn og gera umhverfinu greiða? Þú getur valið að fá fréttabréfið í tölvupósti með því að senda okkur línu á ksh@ksh.is með upplýsingum um netfang þitt.

TILKYNNING VEGNA COVID-19 FARALDURS

Allir viðburðir KSS og KSF falla niður fram til 13. apríl eða á meðan samkomubann er í gildi. Ekki er ljóst á þessari stundu hvenær farið verður aftur af stað með hefðbundið starf. Stjórnir KSH, KSF og KSS fylgjast vel með stöðu mála og leiðbeiningum landlæknis og birta upplýsingar á Facebook-síðum sínum.



KSH MÓT SÍÐAST LIÐINN FEBRÚAR

Laugardaginn 8. febrúar stóð KSH fyrir dagsviðburði í Lindakirkju sem bar yfirskriftina Líf með Jesú 2020 og skírskotaði til persónulegrar eftirfylgdar við Jesú Krist. Upphaflega stóð til að halda helgarmót sömu helgi en vegna skráningar var fyrirkomulaginu breytt umtalsvert. Mótsnefnd var skipuð skólapresti ásamt þremur fulltrúum KSS og tveimur frá KSF.

Sr. Grétar Halldór Gunnarsson hélt biblíulestur út frá Efesusbréfinu 4.1-16 og síðar um daginn flutti sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir erindi undir yfirskriftinni „Lærisveinar Jesú og loftslagsváin“. Boðið var upp á umræður eftir bæði erindin. Á milli fræðslustundanna nutu þátttakendur góðs félagskvarps og enduðu daginn með því að borða saman kvöldmat á Mathöll Höfða.

Mótshald undir merkjum KSH fyrir 18 ára og eldri KSS-inga og KSF-inga stuðlar að auknum samgangi félaganna og flutningi KSS-inga yfir í KSF og vekur athygli á KSH sem hreyfingu sem sameinar KSS- og KSF-inga undir sömu hugsjón.

BÆNAREFNI

Vertu með okkur í að biðja fyrir þessu:

Á sunnudögum

KSH: Biðjum fyrir stjórn KSH að Guð leiði og blessi ákvarðanir hennar. Biðjum fyrir fjárhag hreyfingarinnar, að fjáröflun blessist.

Á mánudögum

Starfmaður og sjálfboðaliðar. Þökkum Guði fyrir störf þeirra og biðjum hann að efla þjónustu þeirra.

Á þriðjudögum

Hópar í framhaldsskólum. Biðjum fyrir nemendum sem hittast í MH, VÍ og MR, að þau mættu vera skólum sínum blessun og bera Jesú Kristi vitni með lífi sínu og orðum.

Á miðvikudögum

Fyrir skólamótum og stúdentamóti, að Guð vinni sitt verk og snerti við mótsgestum.

Á fimmtudögum

KSF: Biðjum fyrir stjórn KSF og starfi félagsins, að starfið nái út til fleiri stúdenta.

Á föstudögum

Fyrir kirkju Guðs á Íslandi, að hún megi eflast og vaxa og að eining vaxi meðal kristinna.

Á laugardögum

KSS: Biðjum fyrir stjórn KSS og starfi samtakanna, að starfið nái út til fleiri ungmenna.



Sr. Grétar Halldór Gunnarsson á Líf með Jesú 2020

SAMKOMULAG UM SAMSTARF VIÐ KFUM OG KFUK UNDIRRITAÐ

Kristilega skólahreyfingin, KSS, KSF og KFUM og KFUK hafa nýlega lokið við að gera með sér samkomulag til að formgera áratugalangt samstarf félaganna. Samkomulagið felur m.a. í sér að:

- KFUM og KFUK mun styðja við starf skólahreyfingarinnar á fjölpættan hátt líkt og verið hefur og horfa til starfsins sem hluta af sínu ungmennastarfi.
- KSF, KSS og KSH innleiðir siðareglur Æskulýðsvettvangsins og mun leitast áfram við að starfa í takti við áherslur og stefnur KFUM og KFUK.
- Framkvæmdastjóri KSH mun hafa starfsaðstöðu hjá KFUM og KFUK og verða hluti af starfsmannateyminu á Holtavegi 28.

LEGGÐU OKKUR LIÐ!

Skólahreyfingin er rekin fyrir gjafafé og styrki og treystir á stuðning þinn. Má bjóða þér að gefa okkur gjöf í dag? Þú getur skráð þig í gjafakerfið á ksh.is/gefa eða sent tölvupóst á ksh@ksh.is. Einnig getur þú millifært beint á reikninginn okkar:

Reikningur KSH: 0117-26-119105

Kennitala: 510479-0259

Kærar þakkir fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!

GREIÐSLUSEÐILL Í NETBANKA

Allir viðtakendur tengils fá sendan valgreiðsluseðil í netbanka sinn að upphæð 2.500 kr. og gefst þannig kostur á að styrkja starf KSH. Sé valið að greiða ekki er ýmist hægt að fela greiðsluseðilinn eða eyða út. Hann mun sjálfkrafa hverfa 31. maí 2020.

Viljir þú skrá þig af póstlista tengils eða úr gagnagrunni KSH bendum við þér á að senda tölvupóst á ksh@ksh.is.

„Leitið Drottins og máttar hans,
leitið sífellt eftir augliti hans.“ (1Kron. 16.11)